

## Kvennaalþingi og eyðing karla Hvað skal kjósa

Frelsun kvenna er á stefnuskrá allra (eða hér um bil), íslenskra stjórn málaflókka. Eins og allir ættu að vita, er draumur þeirra að afeitra karlmenn, að kvengera þá eða útrýma jafnvel alveg. Þeir berjast fyrir gyðju- eða grýluveldi, þar sem konur – sérstakrar tegundar – fara með völd.

Þegar hefur tekist að afeitra fjölda karlmannna, sem leggjast á árar í þessu hugmyndafræðafleyi. Einn þeirra er hlaupagikkurinn, Arnar Pétursson. Annar er Þorsteinn Einarsson, sem stjórnvöld gerðu út af örkinni til að kenna landsins börnum um afeitraða karlmennsku. Þá karlmennsku kallar hann jákvæða. Sá fyrrnefndi lét hafa eftir sér, að nú ættu karlar að hverfa úr stjórn málum og konur að taka við. Þessi hugmynd hefur verið viðruð bæði af Sjálfstæðisflokknum og Vinstri-grænum.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (f. 1949), Sjálfstæðisflokki, uppeldisfræðingur og fyrrverandi bæjarstjóri í Mosfellsbæ, spurði þingheim fyrir síðustu kosningar, „hvort það væri möguleiki í kosningum árið 2017 að lögbinda ... [að þá sætu] eingöngu konur á þingi í tvö ár, frá 2017 til 2019. Þá yrði kosið til kvennaþings til tveggja ára og konur fái tækifæri til að sýna fram á, hvort það sé í raun satt, því sem haldið er fram, að vinnubrögð kvenna séu með öðrum hætti en vinnubrögð karla. Þingið yrði stutt, það yrði tvö ár, og að loknu því þingi gæti þjóðin sjálf, að sjálfstöðu, og þeir, sem að kosningu koma, velt því fyrir sér, hvort það væri jafnvel bara skynsamlegra að hafa kvennaþing.“

Lýðræðislegar öfgahreyfingar eins og nasistar og fasistar hafa farið svipaða leið – og reyna það enn – að ná völdum í löggjafarsamkundu þjóðanna. Samstarfsflokkur Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn, VG, hefur kynnt svipaðar hugmyndir á þingi.

Lilja Rafney Magnúsdóttir (f. 1957), VG (áður í Alþýðubandalagi), fyrrverandi oddviti Suðureyrarhrepps, sagði í þingræðu sumarið 2015: „Við héldum hérna veglega upp á aldarafmæli kosningaréttar kvenna og kjörgengi og er það ekki bara rétt, að við setjum ... [konur] til þess að reyna að taka stjórn hérna á þinginu og koma einhverju verklagi á þingstörf ... Mér sýnist, að þeir karlmenn, sem eru hér í forsvari ... séu með eilífan væl og leggja ekkert til málanna og eigi að afhenda konum þá í sínum flokki og öðrum flokkum það verkefni að ljúka hér þingstörum.“ (Þingheimur sá ekki ástæða til að fagna kosningarétti flestra karlmannna, sem fékk þann rétt við sömu löggjöf.)

Íslenskar nútímakonur eru harðar í horn að taka, þegar kvenfrelsun ber á góma og berjast þarf gegn hinu illa „feðraveldi.“ Karlar eru sekir – eða það skiptir ekki máli eins og ónefndur kvenfrelsari orðaði það nú um daginn:

”Mér er bara andskotans sama, sek, saklaus eða sek. Finnst það ekki vera málið til framtíðar. Málið er brjálæðislegt hugarfar til ungra kvenna. Og stelpur, hættið að taka þátt í þessum tilraunum til að undiroka ykkur. Ef strákarnir geta ekki plummað sig öðruvísi en að misþyrma hinu kyninu, þá bara verðum við konur, að hætta að geta af okkur karlkyns afkvæmi. Tæknin er fyrir hendi.“

Þessi hugumstóri, íslenski kvenfrelsunarhugmyndafræðingur, finnur skoðunum sínum hljómgrunn meðal útlendra þjáningasystra, t.d. þessum:

„Ég bið fólk að hugleiða ... sviðsmynd, þar sem við [konur] myrðum ákveðinn fjölda karlmannna í viku hverri. Hversu mörgum þyrftum við að koma fyrir, þar til feðraveldið sest niður handan borðsins og segir: „Gott og vel, látum gott heita. Hvað er í okkar valdi til að stansa aflifunina?“ ...

„Hversu marga karla þurfum við að drepa svo þeir hætti að nauðga okkur“ (Mona Eltahawy, f. 1967)

„Hlutfall karla verður að sker niður í og halda í u.þ.b. tíunda hluta mannkyns.“(Sally Miller Gearhart, f. 1931)

„Það er engin þörf fyrir herkvaðningu. Við þurfum geldingarhappdrætti fyrir hvíta karla. Mánaðarleg drögum við út afmælisdag, sundurgreinum þá óþörfu og bregðum skærunum á nokkra poka [punga], helst við fjölmenna, opinbera samkomu.“ (Sarah Jeong, f. 1988, í ritstjórn Nýju Jórvíkur Tímans (New York Times)

„Mér svellur móður við þá tilhugsun, að geta ákært sérhvern þann karlmann, sem ég hata eða er í nöp við, fyrir að hafa þuklað á mér fyrir þrjátíu og fimm árum síðan, og rústað lífi hans, án sannanna. Ég þakka þér, kvenfrelsun! ... Ef þú hefur syni þína á brjósti ertu [í raun] að þjálfa þá sem nauðgara, þegar þeir komast til vits og ára. Þú ert í raun rétttri að kenna þeim, að þeir geti þuklað á konu, þegar þeim sýnist. Sértu andsnúin nauðgunum, skaltu hætta að gefa drengjum brjóst.“ (Shaykha Alia)

Suzanna Danuta Walters, prófessor í félagsfræði og framkvæmdastýra og við Kven- og kynfræðadeild deild Northeastern University í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, ávarpar karla: „[S]tandi hugur ykkar til þess að losna undan hatri okkar [kvenna] sökum misgjörða ykkar um aldir [skulið þið heita því] að kjósa einvörðungu konur. Þjóðið ykkur ekki fram til embætta. Hafið ekki umsjón með nokkrum hlutum. Leggið frá ykkur valdasprotann. ... Og hafið það hugfast, að við munum ekki lengur þerra krókódílatár ykkar. Hatur okkar er réttlátt. Þið hafið gert á hlut okkar.“

Eins og dæmin sanna, sækjast margar konur í (hér um bil) öllum stjórnmálaflokkum, eftir svipaðri reynslu og vígstöðu og kvenleikarinn, Sharon Stone (f. 1958), lýsir: „Vald mitt til að meiða karlmenn eykst með aukinni frægð og valdeflingu.“ Það er kvenfrelsunardygð.

Hvað er ráðlegt að kjósa?